

**5. mál Fundargerð borgarráðs frá 29. apríl
-32. liður; kosning varamanns í yfirkjörstjórn**

Hermann Valsson: Já, forseti, ágætu borgarfulltrúar. Í undirbúningi undir þennan fund og miðað við þau málefni sem þar voru, þá langaði mig að vekja athygli ykkar á fundargerð hverfisráðs Grafarvogs frá 12. apríl, hverfisráð Hlíða þriðjudaginn 13. apríl, Háaleitis og Bústaða 13. apríl, Laugardals 13. apríl og Miðborgar 24. mars. Það er nefnilega í öllum þessum fundargerðum verið að tala um mál sem við vorum að tala hér um áðan, um strætó. Þannig að hverfaráðin eru greinilega mikið að hugsa um strætó og ekki bara strætó heldur samgöngumálin almennt og ég minnst þess sjálfur úr því hverfisráði sem ég sit í, sem er Grafarholtið, þar er töluvert talað um strætó. Ég vildi því beina því til umhverfis- og samgönguráðs, sem er komið með þetta strætómál inn hjá sér, að hafa nú samband við hverfaráðin. Þetta eru nú einu sinni þeir fulltrúar sem búa í þessum hverfum og vita best hvernig samgöngurnar þar eru. Þau hafa verulega góða yfirsýn yfir sín hverfi og þau málefni sem þar eru, þetta eru þau sem eru að nota samgöngurnar og mér finnst þetta svolítið sérstakt að við erum hérna með nokkrar fundargerðir frá hverfisráðunum og í öllum tilfellum, eða nánast öllum tilfellum, er verið að tala um strætó og almenningsamgöngur.

Þarna höfum við góða möguleika á að komast inn í nærumhverfið og ég vil hvetja formann umhverfis- og samgönguráðs, Gísla Marteín Baldursson borgarfulltrúa, að nýta sér það og vísa þessu til hverfaráðanna. Það eru þau sem geta gefið raunhæfa mynd af því hvernig strætó er.

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið máli sínu og eins og ég get um áðan þarf að bera lið 32, sem er kosning varamanns í yfirkjörstjórn, undir atkvæði hér á fundinum. [Forseti hringir bjöllu] Þeir sem samþykkja 32. lið gefið merki. Einhver á móti? Það er enginn, þetta er samþykkt samhljóða. Þá er tekinn fyrir 6. liður á útsendri dagskrá sem er fundargerð forsætisnefndar frá 30. apríl, fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 26. apríl, fundargerð leikskólaráðs frá 21. apríl, fundargerðir mannréttindaráðs frá 8. og 29. apríl, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. apríl, fundargerð menntaráðs frá 28. apríl, fundargerð skipulagsráðs frá 21. apríl og síðan fundargerðir velferðarráðs frá 19. og 28. apríl. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hafði boðað bókun vegna 1. liðar, það er að segja ársreikningur Reykjavíkurborgar

Bstj. 4. maí 2010

fyrir árið 2009. Óska eftir því að borgarfulltrúinn kynni þessa bókun nú þegar.
Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

[Sjá neðan við umræður um 1. mál.]

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að gera grein fyrir bókun vegna fyrsta liðar. Fleira er ekki til umfjöllunar á þessum borgarstjórnarfundi og er fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur slitið klukkan 18:07 [forseti slær í bjöllu].